



## Minnisblað – 2003004

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf vinnuhóps vegna sameiningar sveitarfélaga*

Dags.: 09.02.2021

---

Vinnuhóp skipa Eyjólfur Ingvi Bjarnason oddviti, Skúli Guðbjörnsson formaður byggðarráðs og Kristján Sturluson sveitarstjóri. Með hópnum starfar Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri.

Vísað er til minnisblaðs dags. 13.01.2021 sem lagt var fram á 201.fundi sveitarstjórnar 14.01.2021 (dagskrárliður 26).

- Þann 25. janúar var haldinn fundur vinnuhóps með RR ráðgjöf þar sem farið var yfir efnið sem nota ætti á íbúakynningu.
- Þann 28. janúar var íbúakynning um valkostagreiningu haldin. Var hún blanda af fjar- og staðarfundi. Milli 60-70 manns fylgdust með kynningunni. Eftir kynninguna var opnað fyrir álitaskönnun sem var aðgengileg til 1. febrúar. Þar gátu þátttakendur m.a. sagt frá helstu áhersluatriðum ef farið væri í sameiningu og raðað sameiningarmöguleikum niður.
- Þann 1. febrúar var haldinn fundur vinnuhóps með RR ráðgjöf þar sem farið var yfir íbúakynninguna og næstu skref þ.e. Vinnustofa III

### Næstu skref:

- Halda vinnustofu III með sveitarstjórn, formönnum nefnda og öðrum tengdum aðilum þar sem niðurstöður vinnunnar verða dregnar saman og greindar. Búið að boða hana þann 18. febrúar n.k.
- Skilafundur þar sem minnisblað með valkostagreiningu verður lagt fram fyrir sveitarstjórn.
- Áætlað að valkostagreiningu verði lokið fyrir páska/apríl 2021. Hefur gengið vel að halda tímaáætlun þar sem tæknin er nýtt í meiri mæli.

### Annað:

- Cittaslow – kannski hugmyndafræði sem Dalabyggð gæti skoðað.
- Róbert frá RR ráðgjöf var í viðtali á Morgunvaktinni á Rás 1 þann 3. febrúar sl. þar sem hann ræddi m.a. sameiningar sveitarfélaga.